




Skattfrádráttur r&þ-verkefna kynning

Yfirlit

- Lagarammi og markmið
- Hlutverk Rannís, fyrirtækja og endurskoðenda
- Staðfestingarferli
- Hvernig verkefni eru gjaldgeng?
- Algengar ástæður synjana – og hvernig hægt er að bregðast við þeim
- Hvað er gott að muna?
- Breytingar 2026



Lagarammi

- **Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki með síðari breytingum**
- **Reglugerð 758/2011 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki með síðari breytingum**
- **GBER – General Block Exemption Regulation**
- **Ef misræmi milli laga og reglugerða annars vegar og annarra upplýsinga hins vegar (kynningar, handbækur), þá gilda lögin og reglugerðirnar.**

Lykilupplýsingar

• Tilgangur

- Efla rannsóknir og þróun og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til endurgreiðslna, þannig að þau geti fengið hluta af kostnaði við rannsóknir og þróun endurgreiddan í gegnum skattkerfið.

• Fyrir hverja?

- Fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna og bera sjálf fjárhagslega áhættuna af þeim.
- Fyrirtæki sem eru ekki í fjárhagsvanda

• Upphæðir

- Hámark gjaldgengs r&ð kostnaðar sem má telja fram á ársgrundvelli: 1.100.000.000 kr
- Lágmark gjaldgengs kostnaðar í umsókn: 1.000.000 kr.
- Endurgreiðsluhlutfalli til lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 35%
- Endurgreiðsluhlutfalli til stórra fyrirtækja: 25%


Til áréttingar:

- Réttindasjóður: umsóknir sem uppfylla skilyrði eru samþykktar
- Endurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar er undanþáguákvæði – ríkisaðstoð að meginreglu ekki leyfileg
- Upplýsingaskylda umsækjanda nokkuð þung
- Notkun hugtaka á borð við „rannsóknir“, „þróun“ o.s.frv. þegar Rannís afgreiðir umsóknir er bundin við lög, reglugerð og Evrópureglur um stuðning við fyrirtæki.
 - Stjórnsýsluframkvæmd Rannís getur tekið breytingum á milli ára og hefur ráðgefandi fag nefnd til stuðnings.

Hlutverk fyrirtækja, endurskoðenda og ríkisins við framkvæmd kerfisins

- Fyrirtæki:
 - Skrifa umsókn sem uppfyllir ákvæði laga og reglugerðar og heimfærir verkefnið á það lagaumhverfi – sérstaklega hvað snertir skilgreiningar á R&P
 - Halda R&P aðskildu frá almennri starfsemi í bókhaldi (þ.m.t. verkbókhaldi)
 - Senda inn undirritaða kostnaðargreinargerð með skattframtalinu
- Rannís:
 - Metur umsóknir skv. lögum og reglugerð; sendir fyrirspurnir eftir atvikum og kemst að niðurstöðu
 - Hvert og eitt verkefni skoðað út frá regluverki hvert ár – > svipuð verkefni geta fengið mismunandi úrlausn (sama verkefni í framhaldsumsókn, svipuð umsókn annars fyrirtækis)
 - Skoðar bestu gögn hverju sinni (t.d. ársreikninga og önnur skjöl með sem minnstum fyrirvörum)
- Skatturinn:
 - Tekur við eyðublaði (4.21 eða 4.22) frá fyrirtækjum með samþykkt verkefni
 - Ákvarðar endurgreiðslu á grundvelli upplýsinga frá fyrirtækjum
- Endurskoðendur:
 - Votta aðskilnað R&P frá annarri starfsemi í öllu bókhaldi og staðfesta endurskoðun á lykilgögnum á borð við ársreikninga (með og án fyrirvara)

Staðfestingarferlið



	Já	Nei
Skilyrði sem uppfylla þarf m.a.:		
Er verkefnið rannsóknar- eða þróunarverkefni?		
Er hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu vel skilgreind?		
Er verkáætlun (verkbættir) vel skilgreind og verkliðir frádráttarbærir?		
Er viðskiptaáætlun vel skilgreind?		
Hafa starfsmenn nýsköpunarfyrirtækis sérfræðimenntun, þjálfun eða reynslu á þeim fagsviðum sem hugmynd að virðisaukandi vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferð byggist á?		
Á íslenska ríkið ekki útistandandi endurgreiðslukröfu á umsækjanda vegna ólögmetrar ríkisaðstoðar?		
Á fyrirtækið ekki í fjárhagsvanda?		
Er fyrirtæki umsækjanda eigandi R&þ verkefnis sem sótt er um frádrátt fyrir?		
Ber fyrirtækið sjálft fjárhagslega áhættu af verkefninu?		
Er umsækjandi lögaðili skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 , um tekjuskatt, sem stunda rannsóknir eða þróun samkvæmt lögunum?		
Er kostnaði R&þ verkefnis haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis?		

Hvað felst í góðri og styrkhæfri R&þ umsókn?

- Skýr afmörkun verkefnis (lýsing verkefnis, verkþættir, kostnaðaráætlanir, aðgreining kostnaðar, o.s.frv.)
- Vel skilgreind og virðisaukandi afurð
- Þróunarpáttur verkefnis skýr
- Aðgreining frá reglubundinni starfsemi
- Aðgreining frá fjárfestingu í búnaði og aðstöðu til framleiðslu (ef við á)
- Ef andmæli:
 - Andmæli umsækjenda beinast að uppgefnum forsendum boðaðrar höfnunar og vísa t.d. í skilgreiningar á hugtökum á borð við „rannsóknir“ og „þróun“ úr lögum

Nokkrar ábendingar

- Senda öll gögn í gegnum umsóknakerfið, ekki tölvupóst
 - Rannís gætir trúnaðar og gagnaöryggis
- Lýsa á nákvæman, greinargóðan og aðgengilegan hátt þeirri vöru eða þjónustu sem verkefnið á að skila
 - Nota almennan orðaforða þar sem hægt er
- Lýsa þeirri sértæku grunnvirkni sem ný vara eða þjónusta mun hafa umfram það sem fyrir er á markaði, og hvaða sértækar tæknilegar og/eða fræðilegar áskoranir felast í verkefninu
 - Ekki nægir að lýsa almennum áskorunum sem öll fyrirtæki/öll fyrirtæki í geiranum standa frammi fyrir
 - Ekki nægir að lýsa einungis markaðslegu nýnæmi eða markaðslegum áskorunum/aðgreiningu
- Lýsa hlutverki einstaka starfsfólks eins og það snýr að r&þ verkefninu
- Algengur misskilningur: Stuðningur/fjármagn/viðurkenning annars staðar frá hefur eitthvað að segja um staðfestingu verkefna. Svo er ekki.

Algengar ástæður synjana

- Verkefni orðið hluti af reglubundinni almennri starfsemi (oftast a. og b. liðir 2. mgr. 3. gr. reglna 758/2011)
 - Lýsing á verkefni
 - Verkbættir
- Þróun ekki aðgreind frá fjárfestingu í búnaði, aðstöðu til framleiðslu og/eða annarri starfsemi
- Verkefni lýsa almennum áskorunum sem önnur fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein þurfa að horfast í augu við
- Ekki tekst að sýna fram á rannsóknar- eða þróunarþátt
- Ekki virðisaukandi afurð og vel skilgreind viðskiptaáætlun
- Samningsbundin R&þ verkefni
- Afmörkun verkefnis ábótavant
- Fjárhagsvandi fyrirtækja
- Umsækjendur svara ekki fyrirspurn og umsókn því sjálfkrafa hafnað (vanreifun)
- Andmæli umsækjenda beinast ekki að uppgefnum forsendum boðaðrar höfnunar
 - Ekki er til staðar ígrundaður rökstuðningur á rannsóknar- og þróunarþætti verkefnisins, með áherslu á viðkomandi rekstrarár

Breytingar árið 2026

- Breyting var gerð á 9 gr. laganna þannig að við bætist ný málsgrein: **Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur verkefni þar sem áætlaður árlegur kostnaður er ekki umfram 125 millj. kr. fengið staðfestingu sem gildir í tvö ár. Með umsókn skal fylgja verk- og kostnaðaráætlun, sbr. 2. mgr. 4. gr., fyrir bæði árin. Skilyrði er að um lítið fyrirtæki sé að ræða, sbr. 1. tölul. 3. gr. Fyrirtæki sem fá slíka heimild skulu að loknu fyrra ári skila framvinduskýrslu á því formi sem Rannís óskar.**
- Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Við mat á fjárhagsvanda skv. 1. másl. skal taka tillit til fjárhagsstöðu fyrirtækis sem er með meirihlutaeignarhald eða stjórnunarleg yfirráð í nýsköpunarfyrirtækinu, sé slíkt fyrirtæki til staðar.**
- 6. gr. laganna sem fjallaði um aðkeypta rannsókna- og þróunarvinnu fellur brott. Einnig varð breyting á 10 gr. laganna þannig að fyrri texti um leyfilegt hlutfall aðkeypts kostnaðar féll út, og 5. mgr. er nú svohljóðandi: **Kostnaður við aðkeypta þjónustu í formi rannsóknar- eða þróunarvinnu er aðeins styrkhæfur þegar þjónustan er hluti af staðfestu rannsóknar- og/eða þróunarverkefni og keypt af ótengdum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamning við. Heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt þessari málsgrein getur aldrei verið umfram 20% af hámarkskostnaði skv. 1. mgr. Hér er vert að taka fram að hámarkskostnaður skv. 1. mgr. er 1.100.000.000 kr.**
- Við 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Samningur milli aðila um samstarfsverkefni skal liggja til grundvallar og skilað samhliða umsókn.**
- 8. og 9. greinar laganna breytast á þá leið að **Rannís skuli afgreiða umsóknir innan þriggja mánaða í stað tveggja áður.**
- Við 16. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Í reglugerð skal ráðherra enn fremur mæla nánar fyrir um mat á sérfræðimenntun, þjálfun eða reynslu starfsmanns.**



skattfradrattur@rannis.is